

Bæjarráð - FW: Íslenska sveitarstjórnarstigið til umfjöllunar á vörþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Íslenska sveitarstjórnarstigið til umfjöllunar á vörþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins
Málsnúmer : 2017050011
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 02.05.2017 21:12:41
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi Frásögn-Vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.docxFrásögn-Vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.docx
image001.gifimage001.gif

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]

Sent: 27. apríl 2017 11:13

Subject: FW: Íslenska sveitarstjórnarstigið til umfjöllunar á vörþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins

From: Anna G. Björnsdóttir

Sent: 27. apríl 2017 11:06

Subject: Íslenska sveitarstjórnarstigið til umfjöllunar á vörþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins

Heil og sæl

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er pólitískur samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Ísland á þrjá fulltrúa á þinginu sem stjórn sambandsins tilnefnir til fjögurra ára í senn. Þingið kemur saman tvisvar á ári, að vori og hausti í Evrópuráðshöllinni í Strassborg. Eitt af meginverkefnum þingsins er að hafa eftirlit með stöðu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga og að fylgjast með framkvæmd sveitarstjórnakosninga í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þingið ályktar einnig um ýmis málefni sem varða sveitarstjórnarstigið, sérstaklega um lýðræðis- og mannréttindamál, og er ályktunum eftir atvikum beint að þingi Evrópuráðsins og ráðherranefnd, svo og að ríkisstjórnnum aðildarríkja Evrópuráðsins og sveitar- og svæðisstjórnnum innan þeirra.

Á vörþingi Sveitarstjórnarþingsins 28.-30. mars sl. var fjallað um stöðu íslenska sveitarstjórnarþingsins gagnvart Evrópusáttmálanum um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Jón Gunnarsson ráðherra sveitarstjórnarmála tók þátt í umfjöllun um skýrslu um íslenska sveitarstjórnarstigið sem var samþykkt á þinginu. Meðfylgjandi eru nánari upplýsingar um Íslandsskýrsluna og umfjöllun um hana, svo og um önnur málefni þingsins, þ.e.:

- Stöðuna í Tyrklandi þar sem fjöldi kjörinna sveitarstjórnarmanna, og þ. á m. fulltrúar á Sveitarstjórnarþinginu, hafa verið fangelsaðir án dóms og laga.
- Hlutverk sveitarfélaga gagnvart flóttamönnum, í mannréttindamálum og til að stuðla að auknu íbúalýðræði.
- Hvernig sveitarfélög geta aðstoðað ungt fólk við að lifa sjálfstæðu fullorðinslífi og
- ávinning þess að sveitarfélög opni gagnasöfn sín í lýðræðisskyni, til að bæta þjónustu sína og til nýsköpunar.

mgkv

Anna G. Björnsdóttir



Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.